



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Alþingi nefndarsvið  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 10. mars 2022  
2202054 RH

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46. mál.**

Vísað er til umsagnabeiðni frá nefndarsviði Alþingis, dags. 24. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreinda tillögu.

Vesturbyggð fagnar tillögunni um kaup á nýrri ferju til að sigla á Breiðafirði. Vesturbyggð hefur lagt á það ríka áherslu um árábil að samgöngur um Breiðafjörð séu tryggðar og öruggar og afkastamikil ferja sinni siglingum yfir fjörðinn. Ferja um Breiðafjörð gegnir mikilvægu hlutverki eins og ávarpað er í greinagerð með tillögunni. Ferjan tryggir samgönguleiðir til og frá sunnanverðum Vestfjörðum, sérstaklega yfir vetrartímann, tryggir að verðmæti komist til og frá svæðinu og gegnir lykilhlutverki í allri ferðaþjónustu við Breiðafjörð.

Yfir vetrartímann eru sunnanverðir Vestfirðir í raun eyja, þar sem Dynjandisheiði og Klettsháls lokast reglulega. Fyrir sunnanverða Vestfirði hefur lokun á Klettshálsi gríðarleg áhrif, en heiðin stendur 332 m. yfir sjávarmáli og veður þar geta verið erfið yfir háveturinn. Lokundagar eru margir og ófáir íbúar svæðisins hafa eytt nótt á hálsinum, fastir að reyna komast leiðar sinnar.

Vesturbyggð hefur list yfir miklum áhyggjum af öryggismálum núverandi ferju sem og aðgengi fyrir farþega. Eins og list er í greinagerð er núverandi ferja komin til ára sinna og aðstaða um borð með öllu óboðleg. Hvorki geta hreyfihamlaðir eða fatlaðir farið um núverandi ferju. Þar sem um er að ræða almenningsamgöngur þá ætti það að vera forgangsmál ríkisins að tryggja aðgengi fyrir alla í þeirri ferju sem sinnir ferjusiglingum yfir Breiðafjörð. Þá hafa tíðar bilanir ferjunnar og sú staðreynd að aðeins er ein vél í núverandi ferju ekki orðið til þess að íbúar treysti á samgöngur með ferjunni, eigandi það á hættu að vera fastir um borð í mögulega sólarhring, eins og gerðist í mars 2021, þegar ferjan varð vélvana á Breiðafirði.

Þá er að mati Vesturbyggðar með öllu óásættanlegt að ekki hafi verið tryggt að varaferja skv. samningi ríkisins við Sæferðir gæti verið nýtt til siglinga á Breiðafirði, þar sem hafnaraðstaða á Brjánslæk, Flatey og Stykkishólmi gæti ekki tekið við t.d. gamla Herjólfu. Að mati Vesturbyggðar er mikilvægt að um leið og flýtt verði endurnýjun ferjunnar að strax verði tryggð framlög svo ráðist megi í framkvæmdir við hafnarmannvirki við Breiðafjörð, svo önnur ferja geti sinn þar almenningsamgöngum.



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Þá hafa kröfur um aukna afkastagetu ferjunnar aukist á síðustu árum sem og krafa um fjölgun ferða. Er það í samræmi við aukna atvinnuuppbyggingu á sunnanverðum Vestfjörðum, sem aðallega er tilkomin vegna aukins fiskeldis. Engum liggur meira á en dauðum fisk og því mikilvægt að flutningsleiðir af og til svæðisins séu tryggar svo þau mikilvægu verðmæti sem verða til á sunnanverðum Vestfjörðum komist leiðar sinnar.

Með bréfi dags. 20. nóvember 2020 óskaði Vesturbyggð eftir því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra beitti sér fyrir því að flýta endurnýjun ferjunnar til að tryggja öryggi farþega og mæta aukinni þörf fyrir frekari afkastagetu við flutning yfir Breiðafjörð. Þá hefur krafa sveitarfélaga á Vestfjörðum um nýja ferju verið ítrekuð á fundum með ráðherrum og þingmönnum sem og í umsögnum og bókunum sveitarstjórna og nefnda. Vesturbyggð hvetur því til þess að tillaga að þingsályktun um kaup á nýrri ferju nái fram að ganga.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að fylgja umsögn Vesturbyggðar eftir og svara þeim spurningum nefndarmanna sem kunna að vakna.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,  
  
Rebekka Hilmarisdóttir, bæjarstjóri





## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Til upplýsinga fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er hér yfirlit yfir þær bókanir sem bæjarstjórn og nefndir á vegum Vesturbyggðar hafa á síðustu árum lagt fram vegna ferjunnar um Breiðafjörð og mikilvægi hennar fyrir samfélag og atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum.

### **Bæjarstjórn Vesturbyggðar, 344. fundur, 15. janúar 2020**

*Vegna þeirra samgöngutruflana sem orðið hafa síðustu vikur í því erfiða tíðafari sem nú hefur gengið yfir þá vill bæjarstjórn Vesturbyggðar ítreka mikilvægi þess að tryggð séu fullnægjandi framlög til Vegagerðarinnar til að sinna vetrarþjónustu innan sem og utan svæðis. Þá sé Vegagerðinni einnig tryggð framlög fyrir fullnægjandi búnað og tæki til að sinna nauðsynlegri vetrarþjónustu, hvort sem er vegna moksturs eða hálkuvarna. Það er þeirri atvinnustarfsemi sem fer fram á sunnanverðum Vestfjörðum sem og íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum nauðsynlegt að samgöngur innan svæðis sem og utan þess séu tryggðar eftir fremsta megni. Þá minnir bæjarstjórn Vesturbyggðar á mikilvægt hlutverk Breiðafjarðarferjunnar Baldurs í tíðafari sem þessu þegar m.a. Klettsháls er lokaður. Hefur Vesturbyggð og Tálknafjarðahreppur í samvinnu við Vegagerðina unnið að því að fjölga ferðum með Baldri, til að bregðast við þeim miklu samgöngutruflunum sem orðið hafa.*

### **Bæjarráð Vesturbyggðar, 909. fundur, 20. nóvember 2020**

*Bæjarráð Vesturbyggðar ítrekar bókun bæjarstjórnar Vesturbyggðar frá 15. janúar 2020, þar sem bent er á mikilvægi hlutverks Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Ferjusamgöngur yfir Breiðafjörð gegna lykilhlutverki fyrir íbúa og atvinnurekendur á sunnanverðum Vestfjörðum. Erfiðar vetrarsamgöngur á Vestfjarðavegi, þar sem einstaklingar neyðast til að skilja bíla sína eftir vegna ósærðar, vegkantar hrynja undan flutningabifreiðum, hálkuvörnum og söndun er ábótavant og fjaraskiptasamband er ótryggt, verður til þess að ferja yfir Breiðafjörðinn gegnir lykilhlutverki í að tryggja öryggi íbúa og að hjól atvinnulífsins snúist eðlilega á sunnanverðum Vestfjörðum. Sú staðreynd að Vestfjarðavegur um Klettsháls hafi verið lokaður í meira en 40 skipti í fjórar klukkustundir eða lengur það sem af er árinu 2020, er ekki hægt að una við. Vesturbyggð leggur því ríka áherslu á að ferðum ferjunnar verði fjölgað í samræmi við aukna atvinnustarfsemi á sunnanverðum Vestfjörðum sem og mikilvægi þess að endurnýjun ferjunnar verði flýtt eins og kostur er til að tryggja öryggi íbúa og afkastagetu til að mæta auknum flutningum, til og frá sunnanverðum Vestfjörðum.*

### **Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps, 59. fundur, 17. desember 2020**

*Tölvupóstur frá Vegagerðinni dags. 07.12.2020 varðandi aukaferðir ferjunnar Baldurs. Nefndin telur rétt að horft sé til þess að fjölga þeim ferðum sem eru til úthlutunar úr sérstökum pottum og þannig komið til móts við þá þörf sem er til staðar til að fjölga ferðum ferjunnar Baldurs yfir Breiðafjörð. Þá áréttar nefndin að það er ekki skilgreint hlutverk sveitarfélaga að tryggja að samgöngur á milli landshluta séu í lagi. Það er hlutverk ríkisins og því nauðsynlegt að ríkisvaldið leggi til það fé sem þarf til að tryggja þá ferjuþjónustu sem nauðsynleg er.*

### **Hafna- og atvinnumálaráð Vesturbyggðar, 29. fundur, 15. mars 2021**

*Samgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum hafa verið slæmar svo áratugum skiptir. Í fyrsta lagi hefur vegagerð og nýframkvæmdir við þjóðvegi gengið mjög hægt. Á síðustu árum hafa þó orðið miklar umbætur á löngum köflum en skildir eftir lykilkafar sem enn eru í óboðlegu ástandi. Í öðru lagi hefur þjónustustigið við vegina verið mjög lélegt og má fólk búa við það að eina leiðin til og frá svæðinu sé með ferjunni Baldri einu sinni á dag alla daga vikunnar*



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

nema laugardaga. Af þessu leiðir að einu "traustu" samgöngurnar til og frá svæðinu hafa hingað til verið með Baldri. Skípið sem við setjum allt okkar traust á, hvað varðar tengingu við meginlandið, hefur hinsvegar alls ekki verið traustsins vert. Það hentar ekki vel til siglinga milli fjölmargra skerja Breiðafjarðar. Ef vindátt hefði verið inn fjörð en ekki út fjörð þann 11. mars þegar Baldur varð vélarvana, hefði fréttáflutningur af atburðinum verið á annan veg en þann að bryti skipsins væri að steikja lambalæri ofan í mannskapinn. Baldur er og mun verða um langt skeið lykilháttur í öllum flutningum til og frá sunnanverðum Vestfjörðum. Fyrirtæki á svæðinu flytja út mikið magn af ferskum afurðum og þau þurfa að geta reitt sig á að þær komist hratt og örugglega á markað. Ófærð á á vegum vegna snjóá eða þungatakmarkana vegna aurbleytu gera Baldur algerlega ómissandi. Það er því krafa okkar að það komi úrbætur strax sem hægt er að treysta. Hafna- og atvinnumálaráð gerir þá kröfu að fundin verði hentug ferja sem hægt er að treysta til flutninga fólks og varnings. Öryggi notenda og afhendingaröryggi á afurðum þarf að vera tryggt og ljóst er að það traust verður ekki unnið nema með öruggri ferju.

### Bæjarstjórn Vesturbyggðar 358. fundur, 17. mars 2021

Bæjarstjórn Vesturbyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu ferjusiglinga um Breiðafjörð í ljósi atburða síðustu viku, þegar ferjan Baldur varð vélvana á Breiðafirði. Sú staðreynd að ferjan Baldur sé aðeins búin einni vél er með öllu óásættanlegt, hvort sem litið er til öryggis farþega ferjunnar eða til þess að ferjan siglir um sker og eyjar í friðuðum Breiðafirðinum. Mikið mildi þykir að vindátt var hagstæð svo ekki hlytist af alvarlegra slys.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar krefst þess að öryggi farþega sem sigla um Breiðafjörð verði tryggt og leggur ríka áherslu á að lokið verði við gerð viðbragðsáætlunar vegna ferjuslysa á Breiðafirði, sem lagt var til árið 2011 að yrði unnin. Óþótlegt er að núverandi ferja með eina vél hefji siglingar á ný að viðgerð lokinni, enda er traust íbúa til núverandi ferju ekkert, eftir ítrekaðar bilanir. Íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum eru langþreyttir á að fá annars flokks ferjur til að hjónusta siglingar um Breiðafjörð. Þá er með öllu óásættanlegt að ekki sé til taks varaskip til siglinga við aðstæður sem þessar, líkt og þekkist annars staðar á landinu. Bæjarstjórn Vesturbyggðar krefst þess að öryggi farþega sem sigla um Breiðafjörð verði tryggt með öllum tileknum ráðum og til skemmri tíma verði önnur öruggari ferja fengin til siglinga um Breiðafjörð.

Íbúar og atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum treysta á öruggar siglingar um Breiðafjörð. Vegaframkvæmdum á Vestfjarðavegi um Gufudalssveit er enn ekki lokið og þrátt fyrir bættar vegasamgöngur þá valda þungatakmarkanir og lokanir Klettsháls yfir veturinn því, að sunnanverðir Vestfirðir verða ígildi eyju. Við þær aðstæður þurfa íbúar og atvinnulíf að öllu leyti að treysta á öruggar ferjusiglingar um Breiðafjörð. Bæjarstjórn Vesturbyggðar leggur því ríka áherslu á að til framtíðar verði ferjusiglingar um Breiðafjörð tryggðar með ferju sem uppfyllir þarfir og kröfur íbúa og atvinnulífs til framtíðar.

### Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, 61. fundur, 13. október 2021

Lagður fram tölvupóstur frá Vegagerðinni dags. 7. október 2021, um framtíð ferjusiglinga á Breiðafirði. Í tölvupóstinum kemur fram að ekki standi til að skipta Breiðafjarðarferjunni Baldri út fyrir ferju sem uppfyllir nútíma kröfur um öryggi og aðbúnað á meðan að núverandi samningur við rekstraraðila er í gildi. Samráðsnefnd telur ákvörðunina algjörlega óásættanlega og kallar eftir skýrum svörum frá Vegagerðinni um hvernig öryggi farþega Baldurs sé tryggt og hvert viðbragðið sé verði samskonar óhöpp og urðu í júlí 2020 og mars 2021 þar sem Baldur varð vélavana á leið sinni um Breiðafjörð. Bæjarstjóra Vesturbyggðar



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps falið að kalla eftir svörum frá Vegagerðinni og leggja fyrir á næsta fundi samráðsnefndar.

### Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, 63. fundur, 2. febrúar 2022

Lögð fram jarðgangaáætlun Vestfjarða. Rætt um áherslur sveitarfélaganna í samgöngumálum á sunnanverðum Vestfjörðum og endurskoðun samgönguáætlunar.

Á sama tíma og Vestfirðir eru auglýstir sem einn af eftirsóknarverðustu áfangastöðum heimsins sumarið 2022, þá eru samgönguinnviðir á sunnanverðum Vestfjörðum ónýtir og að helstu náttúruperlum Vestfjarða, eins og Látrabjargi og Rauðasandi, liggja úr sér gengnir malarvegir. Samráðsnefnd leggur áherslu á að við endurskoðun samgönguáætlunar verði samgönguinnviðir á sunnanverðum Vestfjörðum bættir en svæðið hefur setið á hakanum um áratugaskeið þegar kemur að vegaframkvæmdum. Þrátt fyrir að framlög til vegaframkvæmda á Vestfjörðum í heild sinni hafi aukist þá hafa sunnanverðir Vestfirðir setið eftir og með þeim miklu umsvifum sem nú hafa orðið í atvinnulífi á svæðinu og mikilli fjölgun íbúa eru margir vegkaflar á svæðinu óþóðlegir allt árið um kring, m.a. vegna viðhaldsskorts og skorti á framlögum til vetrarþjónustu. Sem dæmi um þá alvarlegu stöðu sem nú er á samgönguinnviðum á sunnanverðum Vestfjörðum þá er vegurinn um Mikladal ónýtur, vegurinn siginn og vegaxlir illa farnar. Þá hafa síðustu 3 mánuði orðið fjórar bilvelltur á veginum um Mikladal, en vegakaflinn er fjölfarnasti vegur á Vestfjörðum. Mikilvægt er því að tryggja viðunandi framlög til viðhalds og þjónustu ásamt því að framlag verði veitt til að hefja án tafar rannsóknir og undirbúning vegna jarðgangagerðar undir Mikladal og Hálfván. Einnig verði í samgönguáætlun mælt fyrir um verulega aukin framlög til Vegagerðarinnar til að sinna nauðsynlegri vetrarþjónustu og lengja þjónustutíma til að bregðast við aukinn umferð m.a. þungaflutninga sem og að tryggja vetrarþjónustua á þeim leiðum sem framkvæmdir standa nú yfir á, s.s. á Dynjandisheiði. Þá verði gert ráð fyrir framlagi til endurnýjunar ferjunnar Baldurs sem siglir um Breiðafjörð og þar með tryggt öryggi farþega sem og greiðar samgöngur frá og til sunnanverðra Vestfjarða allt árið um kring.

Þá verði framkvæmdum m.a. við Bildudalsveg af Dynjandisheiði og ofan í Arnarfjörð flýtt og þar tryggð vetrarþjónusta. Einnig verði veitt framlag í að bæta vegkafla frá Bildudalsflugvelli og að þorpinu á Bildudal, en vegurinn er ónýtur, vegaxlir illa farnar og vegurinn einbreiður. Þá verði áfram hugað að viðhaldi Bildudalsflugvallar og veitt framlag til að bæta aðflug m.a. í myrkri vegna sjúkraflugs.

Samráðsnefnd leggur einnig áherslu á að tryggð verði framlög í hafnarbótasjóð til að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum við hafnarmannvirki sveitarfélaganna, m.a. til að bregðast við aukinni atvinnustarfsemi í höfnum sveitarfélaganna tveggja sem tilkomin eru vegna aukinna umsvifa í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum.

